



Áætlun um öryggi og heilbrigði í Blönduskóla

Samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu, sbr. 65. gr. a, og áætlun um heilsuvernd, sbr. 66. gr. Einnig 20-21. gr., 26. - 30. gr. og 32. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og 5. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegar áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna

Áhættumat er gert af skólastjóra, öryggistrúnaðarmanni og öryggisverði. Bæði öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður hafa sótt námskeið í vinnuvernd. Við áhættumatið er stuðst við gátlista frá vinnueftirlitinu og niðurstöður úr Starfsmannapúlsinum.

1. Áhættumat og eftirfylgni með úrbótum

Skammstöfun: Öryggisvörur (ÖV), öryggistrúnaðarmaður (ÖTM), skólastjóri (S)

Vinnuverndarstefna	Áætlun um framkvæmd	Ábyrgð	Úrbætur	Tímarammi úrbóta
Vinnuverndarstarf	ÖV, ÖTM og S gera áhættumat á hverju hausti, endurskoða áætlunina og kynna vinnuverndarstarfið. Slys eru skráð og tilkynnt. Skyndihjálparnámskeið eru haldin reglulega	ÖV, ÖTM og S	Áhættumat	Ágúst – október ár hvert. Næst haust 2022
Félagslegur og andlegur aðbúnaður	Skólinn er með starfsmannastefnu þar sem áhersla er lögð á gagnkvæmt traust og að gott samstarf ríki innan skólans. Skólinn er með forvarnar- og viðbragðsáætlun fyrir starfsfólk á vinnustaðnum gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi og eru	S		Starfsmannakannanir gerðar annað hvert ár. Næst vor 2023

	<p>þær sýnilegar í starfsmannastefnu skólans, jafnréttisstefnu skólans og eineltisáætlun.</p> <p>Starfrækt er starfsmannafélag sem sér um ýmsa viðburði í samstarfi við skólastjórnendur. Allt starfsfólk er með sömu starfsmannaaðstöðu. Starfsfólk er hvatt til endurmenntunar, reglulegrar hreyfingar og vinnutími er sveigjanlegur að því marki sem hægt er. Í starfsmannakönnunum kemur fram að starfsfólk upplifi jákvætt og gott starfsumhverfi, og fái hvatningu og stuðning frá stjórnendum</p>			
Vélar og tæki	<p>Vélar og tæki eru í list- og verkgreinastofum. Verið er að taka nýja álmu í notkun í lok desember og byrjun janúar. Lögð er áhersla á að farið sé eftir öllum öryggiskröfum. Í upphitunareldhúsi er sturta og augnskólun.</p>	S	Öryggisatrið i yfirfarin þegar stofur verða teknar í notkun	Mars 2022
Hreyfi og stoðkerfi	<p>Lögð er áhersla á rétta líkamsbeitingu við burð á áhöldum og iðjuþjálfni hefur farið yfir rétt handtök og notkun búnaðar við umönnun fatlaðra nemenda. Mannbroddar eru alltaf til staðar og starfsfólk hvatt til að nota þá þegar við á. Léttitæki eru til staðar fyrir burð á t.d. borðum og stólum</p>	ÖV, ÖTM	Halda þarf námskeið í réttri líkamsbeitingu fyrir allt starfsfólk	Febrúar 2022

	<p>og reglulega er farið yfir tæki til þrifa og hugað að því að hafa þau sem sem hentugust fyrir starfsfólk. Starfsfólk er hvatt til að stunda líkamsrækt og sveitarfélagið gefur afslátt í þreksal og sund.</p>			
Umhverfispættir	<p>Lögð er áhersla á umhverfisvæn þrif og góða umgengni á öllum vinnusvæðum og á kaffistofu. Ræsting er almennt mjög góð í skólanum. Vinnureglur um handþvott og hreinlæti er á öllum snyrtingum og hjá vöskum í kennslustofum. Skólahjúkrunarfræðingur fer yfir handþvott á hverju hausti með starfsfólki og nemendum. Vinnurými er með fatahengi og læstum hirslum fyrir þá sem vilja. Í vinnuherbergi eru borð fyrir flesta kennara en einnig velja þeir að vinna í sínum umsjónarstofum. Kaffistofa rúmar þá sem eru í matarhléi hverju sinni. Matur er í boði fyrir kennara í matsal. Ljósritunarvél er í sér rými. Öll rými eru með góðum opnanlegum fögum til loftræstingar þannig að inniloft er gott. Hitakerfi er yfirfarið reglulega en erfitt að halda jöfnum hita í</p>	S	<p>Kaupa þarf þráðlausan míkrafón í íþróttasal.</p> <p>Óskað er eftir úrbótum á hitakerfi í Nýja skóla á hverju ári. Hitakerfi á efri hæð endurnýjað fyrir nokkrum árum og fylgst mjög náið með hita á neðri hæð.</p> <p>Námskeið um raddvernd.</p>	<p>Vor 2022</p> <p>Haust 2022</p>

	<p>Nýja skóla vegna skorts á endurnýjun hitakerfis. Lýsing er almennt góð. Kennslustofur eru almennt ekki stórar og unnið hefur verið að bættri hljóðvist. Hljóðkerfi er í íþróttasal en þráðlausan hljóðnema vantar. Námskeið um raddvernd hefur ekki verið haldið lengi fyrir starfsfólk.</p>			
Efnanotkun	<p>Engin varúðarmerkt efni eru notuð í efna- og eðlisfræðistofu og þau efni sem notuð eru yfirhöfuð geymir náttúrufræðikennari í læstum skáp í starfsmannarými. Litlir gaskútar sem notaðir eru við tilraunir í náttúrufræði eru geymdir í geymslu í kjallara og er útgangur/inngangur merktur með viðeigandi merkingu. Ræstikompur eru allar læstar. Engin varúðarmerkt efni eru notuð til þrifa nema í uppþvottavél og er uppþvottarvélaefnið beintengt við uppþvottavél. Öryggismöppur eru í öllum ræstikompum með blöðum sem fylgja hverju ræstiefni. Í eldhúsi er sturta og augnskolun.</p>	ÖV og ÖTM		Yfirfarið nóvember 2021

2. Áætlun um heilsuvernd og forvarnir

Skólinn er með starfsmannastefnu þar sem áhersla er lögð á gagnkvæmt traust og að gott samstarf ríki innan skólans. Skólinn er með forvarnar- og viðbragðsáætlun fyrir starfsfólk á vinnustaðnum gegn einelti, ofbeldi, hótunum og kynferðislegri áreitni og eru þær sýnilegar í starfsmannastefnu skólans, jafnréttisstefnu skólans og eineltisáætlun.

<https://www.blonduskoli.is/static/files/efni/jafnrettisaaetlun-blonduskola.pdf>

<https://www.blonduskoli.is/static/files/efni/starfsmannastefna-blonduskola-.pdf>

3. Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustöðum má finna á vef skólans:

<https://www.blonduskoli.is/static/files/efni/2020-2021/eineltisaaetlun-fyrir-starfsfolk-blonduskola.pdf>

4. Neyðaráætlanir: viðbragðs- og og rýmingaráætlun vegna eldsvoða og jarðskjálfta og heimsfaraldar má finna á vef skólans:

<https://www.blonduskoli.is/static/files/efni/2020-2021/rymingaraaetlun-blonduskola.pdf>

<https://www.blonduskoli.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/vidbragdsaaetlun-vegna-covid19>

Endurskoðað nóvember 2021